

lyfta þunganum, sem hvílit á herðum samferðamanna vorra. Byrðin er fullþung, þótt vér aukum hana ekki með ótta helvítis eða volæðissálmum. Það væri sannarlega gleðilegt, ef að menn mættu hugsa til þess, að hinir rétttrúuðu klerkar á endanum yrðu að sætta sig við það, að lesa vítisbull og þylja feiknstafl sína yfir sjálfum sér og máske fáeinum útvöldum, sinnulitlum, sálardaufum kvennrolum.

Vinir mínnir, þér sem með mér hafið barist ár eftir ár, og liðið með mér súrt og sætt, þér sem með mér hafið lifað í vonunum, hugmyndunum, þér sem hafið svo oftlega fundið spjótin standa á yður, þér sem svo oftlega hafið verið með mér í skjaldborgarleiknum, og hafið með mér orðið að mæta ómildum fótum, ómildum höndum og ómildum dóum fyrir tryggð yðar við sannleikann, fyrir tryggð yðar við réttan málstað, við göfuga hugsjón og hugmyndir; eg spyr yður: er það virkilega svo, að allt sé úti, er það virkilega svo, að ofan á allar þær hörmungar, semír vér höfum orðið að þola, skuli einnig bætast brostnar vonir, dauðar hugsjónir? Er það virkilega svo, að svefninn landa vorra sé svo þungur, að ekki sé hægt að vekja þá? Eða eigum vér eins og Birkibeinar hinir fórnú á dögum Sverris konungs, að leggja út í einn leiðangurinn enn? Oft voru þeir barðir, Birkibeinar, en einlægt risu þeir upp aftur með nýju fjöri, nýju þreki og von, sem enginn hlutur í heiminum gat sigrað, og á endanum unnu þeir, og voru þó engar likur til þess í fyrstu. Vinir mínnir, oss fellur það sárt, það er sem sverðin nísti sálir vorar, þegar vér reynum það, að þeir, sem ættu með oss að vera, gjörast líðhlaupar og snúast í móti oss, eða eru svo liðlættir, að þeir eru oss gagnslausir, en eg skal segja yður það, að það gjörir anda vorn göfugri að þola það. Það er ekkert á við sorgina og mæðuna og þrautirnar að hreinsa og göfga anda manusins. Og ef að þér viljið ráðast í það ennþá einu sinni, að leggja skeiðinni frá landi, þá skulum vér hlaða hana öllu því bezta, sem vér eigm, öllum vorum göfugustu hugmyndum, öllum vorum fegurstu hugsjónum, öllum vorum sterkustu vonum, og vér skulum þá reyna að sigla beint, ekki krókana, ekki lækka seglin, ekki hirða um, þó að dálitið sjóði inn um keipana á hléborða. Munið þér hvað